

Tækifæri til aukinnar framleiðni

Guðrún Högnadóttir segir að tækifæri til aukinnar framleiðni sé eitt af stærri sóknfærum Íslendinga til aukinna gæða og samkeppnishæfni. Það er ljóst að Íslendingar hafa gríðarlega mikið og í vinnu og veru miklu meira en grannabjóðirnar. Við vinnum um 1.900 tíma á ári en Norðmenn um 1.400 tíma en þó er lítið brot af

þeim verðmætum sem sambærilegar þjóðir gera.“

Guðrún segist halda að stærstu tækifærin fyrir Íslendinga liggi í því að horfa á störf sín og samstarf með nýjum hætti og nefnir nokkra valkosti til aukinnar framleiðni.

Hún segir að í fyrsta lagi þurfi að hafa kjarkinn til að einblína á það sem er mikilvægt, forgangsraða og hætta að bregðast stöðugt við síðasta áreiti.

„Í öðru lagi þarf að hafa í forgangi sýn, tilgang og stefnu bæði vinnustaða, deilda og einstaklinga. Þessi áhersla og þessi mælanlegu markmið skipta sköpum.

Íslendingar þurfa í þriðja lagi að skipuleggja sig betur; ekki eingöngu hvað varðar vinnustaðinn heldur sem einstaklingar – að koma auga á í upphafi hverrar viku hvað skiptir mestu máli og í lok hvers dags að draga saman og sjá hvernig hefur gengið.

Fjórdða tækifærið tengist því að ná að stjórna tækninni – að láta ekki símana og tölvurnar ráða lífi okkar heldur taka þar við stjórn.

Fimmti kosturinn tengist því að ná utan um orku okkar. Niðurstöður rannsókna sýna að fólk er útbrunnið og stressað. Við þurfum að gera okkur grein



fyrir hvaðan okkar orka kemur og hugsa um mataræði og hreyfingu á vinnustað, stjórna streitunni og tengslum á vinnustað. Ég er sannfærð um að með þessum einföldu áherslum sé hægt að auka samkeppnishæfni þjóðarinnar, ánægju starfsmanna og framleiðni til framtíðar, til hagsbóta fyrir alla.“ **FV**